

**621. fundur haldinn mánudaginn 5. júní 2000 kl. 11:30**  
**Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

**Mættir:**

Tómas Ingi Olrich, formaður  
Jón Kristjánsson, varaformaður  
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Stefán Sigurðsson, fulltrúi SAF  
Halldór Bjarnason, varafulltrúi SAF  
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands  
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri  
Haukur Birgisson, markaðsstjóri

**1. Fundargerð 620. fundar.**

**Afgreiðsla:** Samþykkt

**2. Erindi SAF**

Í erindi SAF er óskað eftir að komið verði til móts við minni gististaði varðandi kostnað við flokkun gististaða

**Afgreiðsla:** Samþykkt að senda SAF bréf og óska eftir tillögum gististaðarnefndar þeirra.

**3. Bréf frá Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps.**

Í bréfinu, sem er til Náttúruverndar ríkisins með afriti til Ferðamálaráðs er rætt um ástand Geysis - og Gullfoss svæðisins og bent á kvartanir gesta vegna þess ástands.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að senda Náttúruvernd Ríkisins bréf og benda á mikilvægi svæðanna, að kvartanir hefðu borist og óska eftir skýringum. Benda á að ítrekað hefði sú skoðun verið sett fram að heimamenn komi enn frekar en nú er að rekstri náttúruverndarsvæða.

**4. Áframhald kannana Ferðamálaráðs**

Lögð var fram tillaga verkefnisstjóra um áframhald kannana Ferðamálaráðs, þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi könnun meðal erlendra ferðamanna árlega með breyttu sniði svo og könnun meðal innlendra ferðamanna. Þá er gert ráð fyrir frekari úrvinnslu kannananna og fleiri skyldum verkefnum

**Afgreiðsla:** Tillögurnar samþykktar.

**5. Fundur með Byggðastofnun.**

Formaður skýrði frá því að síðdegis yrði haldinn fundur Ferðamálaráðs með stjórn Byggðastofnunar og Markaðsráði. Unnið hefði verið að undirbúningi hans og var farið yfir umræðuefni fundarins.

**6. Ferðamálaráðstefna 2000**

**Afgreiðsla:** Ferðamálastjóra falið að vinna að tillögum fyrir næsta fund

**7. Staða ýmissa verkefna ráðsins**

Ferðamálastjóri fór yfir stöðu ýmissa verkefna í markaðsmálum, rannsóknum, upplýsingamálum og svaraði fyrirspurnum ráðsmanna um þau.

**8. Önnur mál.**

Kynntar voru niðurstöður úr könnun Ferðamálaráðs og Flugleiða meðal viðvalarfarþega.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að markaðsstjóri og forstöðumaður í Bandaríkjunum ynnu tillögur að því hvernig skyldi brugðist við helstu niðurstöðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið